

Atvinnuhættir– verkefni um auðlindir.

1. Orri og Ösp hjóluðu Bláa lóns hringinn ásamt afa hans Orra. Þau komu við á nokkrum stöðum á leiðinni þar sem auðlindir Grindavíkur eru nýttar. Staðirnir eru Hitaveita Suðurnesja, Bláa lónið og Metan verksmiðjan.
 - a. Hvaða auðlindir jarðarinnar eru nýttar í þessum fyrirtækjum?
 - b. Á hvern hátt eru þær nýttar?
 - c. Nýtist starfsemi þessara fyrirtækja byggðarlaginu á einhvern hátt, t.d. afurðir þess eða í tengslum við atvinnusköpun?
 - d. Hefur starfsemi fyrirtækisins einhver áhrif á umhverfið? Eru þau áhrif góð eða slæm? Ef þau eru slæm, hvað gerir fyrirtækið til að draga úr þeim áhrifum?
 - e. Veljið eitt af þessum fyrirtækjum og kynnið ykkur betur starfsemi þess. Útbúið veggspjald og kynnið afrakstur ykkar.
2. Í mörgum byggðarlögum er vatn notað til upphitunar á húsum. Á þeim stöðum sjá hitaveitur um að koma heitu vatni inn í húsin.
 - a. Hvernig kemst vatnið frá hitaveitunni og inn í húsin?
 - b. Er vatnið heitt frá náttúrunnar hendi eða verður að hita það áður en það fer í húsin?
 - c. Haldið þið að það sé til nóg af vatni eða endurnýtist það á einhvern hátt?
 - d. Sendið tölvupóst á hitaveituna í Grindavík og biðjið þá að útskýra fyrir ykkur hvernig vinnslan með vatnið fer fram. Er það notað beint eins og það kemur fyrir eða þarf að hreinsa það eða hita áður en það getur orðið neysluvatn?
 - e. Notið leitarvélar á vef til þess að kynna ykkar hringrás vatnsins.
 - f. Búið til kynningarmyndband um hringrásina. Notið til þess forrit í tölvunni, t.d. MovieMaker eða PowerPoint.
 - g. Setjið myndbandið inn á Youtube.
3. Í gamla daga hitaði fólk húsin sín með öðrum hætti en gert er í dag.
 - a. Til hvaða ráða haldið þið að fólk í Grindavík hafi gripið til í gamla daga til að hita upp húsin sín?
 - b. En í eldgamla daga þegar fólk bjó í torfbæjum?
 - c. Leitið af upplýsingum á Internetinu og veltið þessu fyrir ykkur.
 - d. Teiknið mynd, búið til ljóð eða skrifið sögu sem lýsir aðstæðunum.